

Alþingi
Erindi nr. P 139/3025
komudagur 22.8.2011



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 20. ágúst 2011

Efni: Umsögn Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda – SFÚ um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 827. mál.

I. Almennt

Vísað er til erindis háttvirtrar Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dagsett 20. júní s.l. þar sem óskað er umsagnar Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

Um efni frumvarpsins.

Í athugasemdum með frumvarpinu er lögð á það áhersla að frumvarpið sé unnið með hliðsjón af skýrslu vinnuhóps um endurskoðun á stjórn fiskveiða sem lokið var í september 2010. Er það skoðun SFÚ að sú skýrsla hafi verið þess eðlis að engin efnisleg niðurstaða hafi verið af störfum vinnuhópsins þó svo að mikill meirihluti meðlima hópsins hafi verið sammála því að svonefnd samningaleið yrði farin. Hins vegar ef skýrslan er lesin ásamt sérálitum og bókunum hvers og eins í hópnum má ljóst vera að samningaleiðin var ekki útfærð né heldur voru menn sammála um hvað samningaleiðin innifæli. Samningaleiðin var því að mati SFÚ í besta falli orð án skilgreindrar merkingar.

Engu að síður má benda á að ef umrædd skýrsla vinnuhópsins er grunnurinn að þessu samkomulagi er ámælisvert að litið skuli framhjá sameiginlegri bókun SFÚ, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sjómannasambands Íslands og VM-Félags vélstjóra og málmtæknimanna er varðar fjárhagslegan aðskilnað milli veiða og vinnslu og að markaðsverð verði látið ráða í beinum viðskiptum með fisk, en bókunina má finna á bls. 83 í skýrslunni. Eru það forkastanleg vinnubrögð að mati SFÚ að þetta álit skuli algerlega hunsað í frumvarpinu þar sem það er eina sérálitið sem einhver samstaða var um í hópnum.

Ennfremur átelur SFÚ að í frumvarpinu skuli ekki tekið á einum alvarlegasta galla núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis, þ.e. þeirri samkeppnislegu mismunun í fiskvinnslu sem SFÚ telur afleiðingu af núverandi löggjöf um stjórn fiskveiða ásamt lögum um verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. (lög nr. 13/1998). Til útskýringar á samkeppnismismununinni er vísað til greinargerðar SFÚ við þingmál nr. 50 sem skilað var inn til Sjávarútvegsnefndar Alþingis s.l. vor.

Að mati SFÚ er frumvarpið í heild sinni illa unnið og algerlega litið framhjá því að um er að ræða eina stærstu auðlind þjóðarinnar sem nýta þarf af skynsemi og með það að markmiði að



hámarka að þjóðarinnar í heild af auðlindinni. Frumvarpið endurspeglar fyrst og síðast landsbyggðapólítík, valdagræðgi og vernd sérhagsmuna ásamt óhóflegu valdframsali til ráðherra.

Í umsögn SFÚ er aðeins stiklað á stóru í athugasemdum, er það skoðun SFÚ að frumvarpið í heild sé svo mein gallað að eðlilegast væri að leggja það til hliðar í heild sinni og hefja vinnuna að nýju. Betur sé heima setið en af stað farið í þessu tilviki.

Um I. kafla.

SFÚ gerir ekki athugasemdir við 1. og 2. gr. frumvarpsins en bendir á að skilgreina mætti hugtakið „þjóðareign“

Hvað varðar 3. gr. frumvarpsins er það skoðun SFÚ að hún sé flækt óþarflega, texti greinarinnar er þess eðlis að það kallar á endalausar þrætur um hvert sé raunverulegt innihald greinarinnar og hvernig skipting milli flokka á að vera. Jafnframt telur SFÚ að þær heimildir sem ráðherra eru fengnar séu óhóflegt valdframsal er kalli á pólitíska spillingu og sérhagsmunapot. Eðlilegra sé að skipting sé hrein og klár í frumvarpinu og heimildir ráðherra til tilfærslu milli „potta“ eða flokka séu afar takmarkaðar. Ráðherra er t.d. heimilt að ráðstafa heimildum úr leiguhluta til nýrra nýtingarsamninga ásamt því að ákveða skiptingu úthlutaðs afla milli flokka 1 og 2. Ráðherra virðist jafnframt heimilt að úthluta flokki 2 algerlega eftir eigin geðþótta hverju sinni.

Um II. kafla.

SFÚ telur að nýtingarsamningar til 15 ára með framlengingarákvæði til 8 ára sé of langur samningstími. Á 23 árum getur margt breyst og það útgerðarform sem telst hagkvæmt í dag verið orðið afar óhagkvæmt.

SFÚ lýsti sig fylgjandi því að framsal aflahlutdeilda yrði óheimilt. Hinsvegar er ekki fjallað um það í frumvarpinu hvort fénytta megi aflaheimildir til niðurgreiðslu hráefnis í eigin vinnslu s.s. með leigu eða tonn á móti tonni.

Um III. kafla.

SFÚ gerir athugasemd við 14. gr. er veitir ráðherra heimild til að ráðstafa allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski t.d. til byggðalaga í vanda eða þeirra sem hafa orðið fyrir óvæntri skerðingu. Virðist úthlutunarheimild ráðherra vera mjög matskennd og mögulega háð geðþótta ráðherra hverju sinni eða því hvert hann sækir atkvæði sín. Telur SFÚ þess heimild of ríflega og eðlilegt sé að skilgreint sé nánar í frumvarpinu í hvaða tilvikum ráðherra er heimilt að ráðstafa aflaheimildum á grundvelli þessarar greinar.

Um IV. kafla.

SFÚ fagnar því að hugtakið tengdir aðilar skuli skilgreint í frumvarpinu. Hins vegar telur SFÚ að hámarksaflahlutdeild sé sett of há. Samkvæmt frumvarpinu geti t.d. þrír aðilar ráðið öllum aflaheimildum í karfa, slíkt gæti leitt til þess að aðeins þrír aðilar myndu hafa tækifæri til vinnslu á tegundinni.



Um V. kafla.

SFÚ gerir ekki athugasemdir við þennan kafla frumvarpsins.

Um VI. kafla.

SFÚ gerir ekki athugasemdir við þennan kafla frumvarpsins.

Um VII. kafla.

SFÚ gerir fyrst og fremst athugasemdir við 28. gr. frumvarpsins er varðar ráðstöfun af veiðigjaldi. Telja SFÚ eðlilegra að allt veiðigjaldið renni í auðlindasjóð sem síðan yrði ráðstafað úr eftir sérlögum um auðlindasjóð. Ráðstöfun tekna af veiðigjaldi er ekki málefni sem heima á í löggjöf um stjórn fisveiða.

Um VIII. kafla.

SFÚ gerir athugasemd við 32. gr. frumvarpsins er varðar gildistíma. Óeðlilegt er að binda gildistíma laganna við lengri tíma en sem nemur yfirstandandi kjörtímabili. Löggjafinn getur ekki bundið hendur löggjafans til framtíðar með þessum hætti. Það þó samningar verði gerðir til allt að 23 ára á ekki að kalla á að löggjöf verði óbreytt þann tíma. Samningarnir geta haldið þó svo að löggjöfin breytist að hluta eða öllu leiti.

II. Annað

Að svo komnu máli hafa SFÚ ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið en áskilja sér að lokum rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum, m.a. þá þætti sem undanskildir voru hér að framan.

Samtökin lýsa sig jafnframt reiðubúin til að funda um málefnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda

Elín Björg Ragnarsdóttir
Framkvæmdastjóri

